

LÖG

um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagnesnfndar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

Kauplagnesfnnd skipa þrír menn. Einn skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og er hann formaður, en hinir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hvors um sig. Nefndin starfar í samráði við Hagstofu Íslands.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Kauplagnesfnnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt vísitölugrundvelli byggðum á niðurstöðum neyslukönnunar árin 1978 og 1979 sem Kauplagnesfnnd og Hagstofan hafa gert. Grunntala þessarar vísitölu (=100) skal miðuð við verðlag í febrúarbyrjun 1984 og skal reikna hana fjórum sinnum á ári miðuð við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember eftir grundvallarreglum sem Kauplagnesfnnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

Nú óskar ríkisstjórnin, Alþýðusamband Íslands eða Vinnuveitendasamband Íslands eftir því að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í byrjun annars mánaðar en skylt er að reikna hana samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar og skal þá Kauplagnesfnnd verða við þeirri ósk enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

3. gr.

Kauplagnesfnnd skal eigi sjaldnar en á 5 ára fresti láta fara fram athugun á því hvort ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu framfærslukostnaðar. Skal sú athugun fyrst fara fram á árinu 1985. Telji allir nefndarmenn að lokinni slíkri athugun að endurskoðunar sé þörf getur nefndin ákveðið að gerð skuli neyslukönnun til endurnýjunar á grundvelli vísitölunnar. Að fengnum niðurstöðum er nefndinni — sé hún sammála — heimilt að ákveða framfærsluvísitölunni nýjan grundvöll án þess að koma þurfi til lagasetningar.

Kauplagnesfnnd skal gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðunum.

4. gr.

Vísitala framfærslukostnaðar samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 10/1981 skal reiknuð í síðasta sinn miðuð við verðlag í febrúarbyrjun 1984.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eftirtalin ákvæði laga:

1) 1. og 2. málsgrein 4. greinar laga nr. 1 30. janúar 1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.

2) 4. grein laga nr. 10 13. apríl 1981 um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.